Hraunvallaskóli
VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

# Stolt siglir fleyið

*Þróunarverkefni um námsmat í Hraunvallaskóla*
*skólaárið 2012 - 2013*

Styrkt af Verkefna- og námsstyrkjasjóði FG og SÍ

## Efnisyfirlit

**Markmið og lýsing á verkefni** ..... **3**
**Framkvæmdaráætlun** ..... **5**
**Könnun meðal kennara í Hraunvallaskóla** ..... **8**
**Rannsóknarvinna - úrvinnsla** ..... **13**
**Verkefni teymanna** ..... **15**
1. **bekkur** ..... **16**
Fylgiskjal 1 ..... 17
**2. bekkur** ..... **20**
**3. bekkur** ..... **22**
Fylgiskjal 3.bekkur ..... 23
**4. bekkur** ..... **29**
**5. bekkur** ..... **42**
Fylgiskjal 5. bekkur ..... 43
**6. bekkur** ..... **44**
**7. bekkur** ..... **46**
Fylgiskjal 1 ..... 49
Fylgiskjal 2 ..... 57
**Unglingastig** ..... **65**
**Íþróttir** ..... **67**
Fylgiskjal ..... 68
**List- og verkgreinar** ..... **70**
Fylgiskjal 1 ..... 71
Fylgiskjal 2 ..... 72
Fylgiskjal 3 ..... 73
Fylgiskjal 4 ..... 74
Fylgiskjal 5 ..... 75
**Sérkennsla** ..... **76**
Fylgiskjöl – sérkennsla ..... 78
Fylgiskjöl – íslenska sem annað tungumál ..... 101
Fylgiskjöl - Sjálfsmat ..... 106
**Námsmatsstefna Hraunvallaskóla** ..... **108**
**Lokaorð** ..... **112**

# Markmið og lýsing á verkefni

Skólaárið 2012–2013 hafa kennarar Hraunvallaskóla verið að vinna að námsmatsverkefninu **Stolt siglir fleyið.** Markmið verkefnisins var að innleiða „nýja hugsun“ og framkvæmd við námsmat skólans. Hugmyndin var að skipuleggja og þróa námsmat sem byggist á fjölbreyttum námsmatsaðferðum og er einstaklingsmiðað, þ.e. með nemandann í forgrunni.

Helstu áhersluþættir voru í upphafi skilgreindir eins og hér er lýst:

- Námsmat verði leiðbeinandi og greinandi fyrir nemendur, kennara og forráðamenn.
- Námsmat taki mið af munnlegum, verklegum, skriflegum og myndrænum verkefnum og að ástundun, virkni, vinnubrögð, framfarir og félagsfærni sé metið innan hvers námssviðs.
- Koma enn frekar til móts við nemendur með námsörðugleika, þroska- og/eða hegðunaraskarnir með hagnýtt gildi að leiðarljósi.
- Umsagnir í vitnisburði nemenda endurspegli leiðbeinandi og greinandi námsmat.
- Að kennarar greini námsmatsaðferðir sínar og leiti leiða til að þróa námsmat sem byggist á fjölbreyttum námsmatsaðferðum og er einstaklingsmiðað, þ.e. með nemandann í forgrunni.
- Móta og samræma stefnu skólans í námsmati.

Með þetta að leiðarljósi var leitast við að mæta nýjum áherslum í námsmati sem kveðið er á um í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og skólastefnu Hafnarfjarðar. Þá hefur einnig verið reynt að koma til móts við þarfir og óskir starfsmanna um handleiðslu og fræðslu til að skila af sér greinandi og lýsandi námsmati til nemenda og foreldra.

Námsmatsteymi og stýrihópur:

Hulda Björk Guðmundsdóttir (formaður), Anna S. Þorsteinsdóttir, Birgir Örn Birgisson, Hrönn Harðardóttir, Guðrún Svava Viðarsdóttir, Ragnar Ingi Sigurðsson og stjórnendur (Lars Jóhann Imsland, Guðrún Sturlaugsdóttir, Ásta Björk Björnsdóttir og Jóhann Skagfjörð).

Verksvið stýrihóps var að:

- vera leiðandi afl við framkvæmd verkefnisins.
- vera tengiliður við mismunandi stig skólastarfsins og kennarahópa.
- vera ráðgefandi við stjórnendur og kennara og veita nauðsynlegt aðhald við framkvæmd verkefnisins.
- sinna nauðsynlegu utanumhaldi vegna verkefnisins, skýrslugerð o.fl.

Formaður ritaði fundargerðir og vann þessa lokaskýrslu í samvinnu við stýrihóp.

# Stolt siglir fleyið

Þróunarverkefni um námsmat skólaárið 2012 – 2013

**Ráðgjafi:** Ingvar Sigurgeirsson, prófessor. **Verksvið**: Styðja, hvetja, fræða og gagnrýna.

Í þessari skýrslu er að finna rannsókn sem lögð var fyrir kennara Hraunvallaskóla á námsmatsaðferðum skólans og niðurstöður hennar, einnig er fjallað um einstök verkefni sem teymin ákváðu að vinna nánar út frá þeim niðurstöðum og fjallað verður um hvernig verkefnin nýttust í skólastarfinu.
Yngsta stigið lagði áherslu á sjálfsmat nemenda, einstaklingsmiðun og skráningar.
Miðstigið vann með ýmsar tegundir prófa, námsmöppur og vann að því að upplýsa nemendur um markmið og matsatriði í skólastarfinu.
Á unglingastigi var unnið að því að samræma markmið fyrir lykilhæfnina sem unnin voru út frá Aðalnámskrá grunnskóla
Íþróttateymið vann áfram með matslistana sína og gerði þá nákvæmari svo nemendur viti hvernig þeir geta bætt sig í íþróttum og sundi.
List- og verkgreinateymið vann með sjálfsmatslista og að lokum unnu sérkennarar ýmsa matslista í stærðfræði og fyrir nýbúa, ásamt því að endurskoða skimunarpróf og greinandi próf.

Niðurstöður þróunarverkefnisins voru kynntar á sérstakri uppskeruhátíð sem haldin var í Hraunvallaskóla þriðjudaginn 11. júní 2013 fyrir kennara Hraunvallaskóla og Áslandsskóla en Áslandsskóli var einnig með kynningu á sínu verkefni þar.
*(Hægt er að nálgast glærur þeirrar kynningar á heimasíðu Hraunvallaskóla).*

Stýrihópurinn endaði skólaárið á því að endurvinna námsmatsstefnu Hraunvallaskóla og hægt er að skoða hana í skýrslunni.

# Framkvæmdaráætlun

| Tími | |
|---|---|
| Ágúst | 14. ágúst<br>Meðlimir námsmatsteymis og stjórnendur fara á ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun í Ingunnarskóla, 14. ágúst frá kl. 9.00–15.00. Þar er meðal annars fjallað um námsmat sjá: www.skolathroun.is<br><br>15. ágúst – fyrsti starfsdagur kennara að hausti<br>Lars kynnir markmið og umfang verkefnisins fyrir hádegi á starfsmannafundi<br>Ingvar heldur fyrirlestur um námsmat í Hraunvallaskóla, kl. 13.00, fyrir kennara Hraunvallaskóla og Áslandsskóla.<br>Stýrihópur fundar með Ingvari kl. 15.00 í Hraunvallaskóla<br><br>16. ágúst til 25. september<br>Árgangateymi kynna sér námsmatsaðferðir, greina námsmatsaðferðir sínar (gátlisti frá Ingvari) og leita leiða til að þróa námsmat sem byggist á fjölbreyttum námsmatsaðferðum og er einstaklingsmiðað, þ.e. með nemandann í forgrunni.<br><br>**Nafnasamkeppni**. *Verðlaun í boði – út að borða fyrir 2.* Tillögur skilast í kassa hjá ritara undir nafni í lokuðu umslagi (nafn á verkefni utan á umslagi en nafn starfsmanns inn í umslagi). Allir starfsmenn eru hvattir til að taka þátt!<br><br>Kennsluteymi huga að afmörkun verkefnis og vinna að því að skilgreina og námsmatsverkefni vetrarins (sbr. eyðublað frá Ingvari) |
| September | Kennsluteymi ræða þróunarverkefni sín á deildarfundum og huga að afmörkun verkefnis og vinna að því að skilgreina og námsmatsverkefni vetrarins (sbr. eyðublað frá Ingvari).<br><br>25. september / Starfsdagur<br>Ingvar hittir kennsluteymi og leiðbeinir hverju teymi sérstaklega.<br>• Kl. 8. 10 – 4. bekkur<br>• Kl. 8.40 – 2. bekkur<br>• Kl. 9.10 – 3. bekkur<br>• Kl. 9. 40 – 10.00 Kaffi<br>• Kl. 10.00 – 1. bekkur<br>• Kl.10.30 – 5. bekkur<br>• Kl. 11.00 – 6. bekkur<br>• Kl. 11.30 – 7. bekkur<br>• Kl. 12.00 – Sérkennarar<br>• Kl. 12.30 – Matur<br>• Kl. 13.00 – Unglingadeild<br>• Kl. 13.45 – List og verkgreinar<br><br>**Fundur á sal kl. 14.30.** Verkefnið rætt, fyrirspurnir og nafn á verkefni kynnt. Niðurstöður könnunar um námsmat í Hraunvallaskóla kynntar.<br><br>Stýrihópur og Ingvar halda fund kl. 15.15–16.00 (eða strax að fundi loknum)<br><br>Kennsluteymi halda áfram vinnu samkvæmt skipulagi að skilgreindu námsmatsverkefni. |
| Október | Ígrundun: |

Áframhaldandi vinna við þróun og framkvæmd námsmatsverkefnis. Tími gefinn til þróunarvinnu í bundinni viðveru.

Nóvember til Desember

**Kennsluteymi kynna verkefni sín** á sérstökum fundi þriðjudaginn 6. nóvember. Ingvar er á svæðinu.

Eyðublaði með lýsingu á umbótaverkefni er skilað til námsmatsteymis. Skipulag vorannar er ákveðið af námsmatsteymi og horft fram á við.

Skólaheimsóknir starfsdaginn 23. nóvember fyrir hádegi.

| Skóli | |
|---|---|
| Seljaskóli | 2. bekkur (4 kennarar) |
| Fossvogsskóli | 3. bekkur (4 kennarar og Lars) |
| Ingunnarskóli | 4. bekkur (3 kennarar), 7. bekkur (3 kennarar) sérkennarar (Hrönn Harðar og Hrönn Garðars, Berglind og Jóhanna Inga) |
| Sjálandsskóli | Unglingadeild (8 kennarar) + námsráðgjafi |
| Norðlingaskóli | 6. bekkur (3 kennarar) |
| Hamraskóli | 5. bekkur (3 kennarar) |
| Grundarskóli og Brekkubæjarskóli | 1.bekkur (5. kennarar) |
| Hörðuvallaskóli | List- og verkgreinar (Ásdís, Helgi, Guðrún Svava, Una og Hildur) |
| Starfsdeild | Helga Stína og Ásta |

Kennsluteymi þróa og ígrunda verkefni sín fram að áramótum.

Janúar 2013

3. janúar 2013: Fræðsla eftir hádegi – Kynning á áhugaverðum námsmatsverkefnum í samvinnu við Áslandsskóla.
(verða ekki kynningar/námskeið með Áslandsskóla, Lars mun finna tíma og námskeið)

Febrúar

5. febrúar: Kennsluteymi segja frá framvindu umbótaverkefna á sérstökum fundi frá kl. 14.30-16.00. Ingvar er á svæðinu og hittir námsmatsteymi á eftir.

**25. febrúar**: Ingvar mætir í skólann og hittir kennara sem hér segir:

- Kl. 8. 30– 9.30 – Yngri deild
- Kl. 10.00– 11.00 – Miðdeild
- Kl. 11.00– 12.00 – Unglingadeild
- Kl. 12.45– 13.45 – List og verkgreinar + íþróttakennarar
- Kl. 13.45–14. 45 Sérkennarar
- 15.00-16.00 Ingvar fundar með námsmatsteymi
-

Mars, apríl, og maí

- Kennsluteymi þróa og ígrunda verkefni sín.
- Námsmatsteymi vinnur skýrslu um verkefnið.
- Kennsluteymi vinna greinargerð um umbótaverkefni sín sem skilast til námsmatsteymis fyrir uppskeruhátíðina 11. júní.

| | |
|---|---|
| | • Stýrihópar í Áslandsskóla og Hraunvallaskóla hittast og undirbúa uppskeruhátíð. |
| Júní | 11. júní: Uppskeruhátíð með Áslandsskóla. Ingvar er á staðnum.<br><br>• Kl. 8:10– 10:00 undirbúningur og uppsetning á básum í sal/íþróttahúsi fyrir uppskeruhátíð þróunarverkefnisins "stolt siglir fleyið".<br>• Kl. 10:00 Hraunvallaskóli kynnir sitt verkefni.<br>• Kl. 10:15 Áslandsskóli kynnir sitt verkefni.<br>• Kl. 10:30 Ingvar Sigurgeirsson fær orðið.<br>• Kl. 10:45 Teymin skipta sér á bása og kynna sitt verkefni en fá einnig tækifæri til að skoða verkefni frá öðrum.<br><br>Námsmatsteymi skilar skýrslu um verkefnið til skólastjóra. |
| | |

# Könnun meðal kennara í Hraunvallaskóla

Þróunarverkefni – námsmat Haustið 2012
Eftirfarandi spurningar tengjast þróunarverkefninu okkar. Þær eru nafnlausar og ekki er hægt að rekja svörin til einstaklinga.

---

* Required

Efst í eyðublaði

1. Á hvaða stigi kennir þú mest? *

- Yngstastigi
- Miðstigi
- Unglingastigi
- Á fleiri en einu stigi

2. Hvað kennir þú ? *

- Umsjónarkennari
- List og verkgreinakennari
- Íþróttakennari
- Sérkennsla
- Annað

3. Hversu oft eða sjaldan notar þú eftirtaldar námsmatsaðferðir? Vinsamlega svaraðu fyrir hverja aðferð. *

| | Mjög oft | Oft | Stundum | Aldrei |
|---|---|---|---|---|

# Stolt siglir fleyið

Þróunarverkefni um námsmat skólaárið 2012 – 2013

| | Mjög oft | Oft | Stundum | Aldrei |
|---|---|---|---|---|
| Skrifleg lokapróf | | | | |
| Kafla- eða hlutapróf | | | | |
| Munnleg próf | | | | |
| Heimapróf | | | | |
| Rafrænt próf | | | | |
| Próf þar sem nemendur mega nota hjálpargögn | | | | |
| Samvinnupróf (nemendur meta / vinna prófúrlausnir saman) | | | | |
| Mat á frammistöðu nemenda í kennslustundum | | | | |
| Mat á úrlausnum (verkefnum) nemenda | | | | |
| Sjálfsmat nemenda | | | | |
| Jafningjamat nemenda | | | | |
| Mat foreldra | | | | |

| | Mjög oft | Oft | Stundum | Aldrei |
|---|---|---|---|---|
| Námsmöppur (verkmöppur, ferilmöppur (portfolio)) | | | | |
| Leiðarbækur eða dagbækur nemenda um námið | | | | |
| Viðhorfakannanir nemenda | | | | |

Aðrar aðferðir sem þú ert að nota?

4. Hvaða aðferðir vildir þú nota meira, nota í sama mæli eða nota minna? *

| | Nota meira | Nota í sama mæli | Nota minna |
|---|---|---|---|
| Skrifleg lokapróf | | | |
| Kafla- eða hlutapróf | | | |
| Munnleg próf | | | |
| Heimapróf | | | |
| Rafrænt próf | | | |
| Próf þar sem nemendur mega nota hjálpargögn | | | |

| | Nota meira | Nota í sama mæli | Nota minna |
|---|---|---|---|
| Samvinnupróf (nemendur meta / vinna prófúrlausnir saman) | | | |
| Mat á frammistöðu nemenda í kennslustundum | | | |
| Mat á úrlausnum (verkefnum) nemenda | | | |
| Sjálfsmat nemenda | | | |
| Jafningjamat nemenda | | | |
| Mat foreldra | | | |
| Námsmöppur (verkmöppur, ferilmöppur (portfolio)) | | | |
| Leiðarbækur eða dagbækur nemenda um námið | | | |
| Viðhorfakannanir nemenda | | | |

Aðrar aðferðir sem þú myndir vilja nota?

5. Hvert er heildarmat þitt á þeim námsmatsaðferðum sem þú beitir? *

Í heild mjög góðar

- Yfirleitt í góðu lagi
- Í meðallagi
- Í ýmsu ábótavant
- Mjög ábótavant

6. Hvert er heildarmat þitt á þeim námsmatsaðferðum sem notaðar eru í skólanum sem heild? *

- Í heild mjög góðar
- Yfirleitt í góðu lagi
- Í meðallagi
- Í ýmsu ábótavant
- Mjög ábótavant

7.Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri um námsmatið í skólanum?

Submit

Neðst í eyðublaði

Powered by Google Docs

## Rannsóknarvinna - úrvinnsla

Ákveðið var að koma verkefninu í gang með því að leggja fyrir kennarana megindlega rannsókn. Mjög góð þátttaka var eða 82% og vöktu niðurstöður rannsóknarinnar áhuga.

Á deildarfundi ræddum við um rannsóknina og komumst að þessum niðurstöðum:

Yngsta stigið

Helstu námsmatsleiðir hjá yngsta stiginu eru:

Kaflapróf í stærðfræði, skrifleg lokapróf, hraðlestrarpróf

Mat á frammistöðu og virkni í tímum.

Skimunarpróf (Læsispróf og Aston index- stafsetningarpróf)

Enginn notar heimapróf, rafrænpróf, samvinnupróf, jafningjamat og sjálfsmat

Það sem við viljum gera (yngsta stig)

Styðjast við gátlista sérstaklega í smiðjum og hringekjum

Gátlistar í Byrjendalæsi

Sjálfsmatslistar fyrir nemendur frá 2.- 4. bekk

Námsmatsmöppur ( nemendur fara með þær heim annan hvern mánuð til að sýna foreldrum)

Portfolio ,,gullkistumappa" valin ákveðin verkefni til að setja í möppuna. Sama fyrir hvern árgang. Nemendur sýna foreldrum í lok hvers árs. Fara með möppuna heim eftir hvert stig.

Miðstigið

Erum almennt sáttar við námsmatsaðferðir okkar og viljum í flestum tilfellum halda okkur við það sem við erum að gera en bæta við enn fleiri aðferðum og gera nemendur meðvitaðri um markmið með náminu..

Viljum greinilega bæta við munnlegum prófum, heimaprófum, rafrænum prófum, prófum með hjálpargögnum og samvinnuprófum.

Viljum einnig skoða stöðu foreldra og nemenda í náminu (jafningjamat og foreldramat).

Einnig viljum við skoða betur námsmöppur og leiðarbækur.

Unglingastigið

Erum almennt sáttar við námsmatsaðferðir okkar og viljum í flestum tilfellum halda okkur við það sem við erum að gera en bæta við enn fleiri aðferðum.

Viljum greinilega bæta við munnlegum prófum, heimaprófum, rafrænum prófum, prófum með hjálpargögnum og samvinnuprófum.

Viljum einnig skoða stöðu foreldra og nemenda í náminu (jafningjamat og foreldramat).

Einnig viljum við skoða betur námsmöppur og leiðarbækur.

Það sem við viljum gera (unglingastig)

Á unglingastigi er vilji til þess að nota námsmatsaðferðir eins og heimapróf, rafræn próf og sjálfs-, jafningja- og foreldramat í meira mæli.

Einnig er áhugi á að skoða námsmöppur.

Verk- og listgreinar

List- og verkgreinakennarar nota mat á frammistöðu nemenda í tímum og mat á verkefnum nemenda að mestu leyti.

Það sem við viljum nota meira er sjálfsmat, jafningjamat og jafnvel munnleg próf.

Íþróttir

Íþróttakennarar notast við mat á frammistöðu nemenda í kennslustundum.

Í vetur munum við notast áfram við mat á frammistöðu nemenda en dýpka það enn meira.

Íþróttakennarar ætla einnig að skoða hvernig er hægt að þróa sjálfsmat inn í námsmatið.

Sérkennsla

Rætt hvað hefur verið gert varðandi skimunarpróf og önnur greinandi próf.

Rætt um notkun á gátlistum.

Rætt um þrepamarkmið.

Stjörnumerkt próf.

Viljum skoða hvað aðrir skólar hafa verið að gera t.d. varðandi hegðunarerfiðleika o.fl.

**Verkefni teymanna**

Á næstu síðum eru að finna þau verkefni sem kennarar unnu í teymum að sjálfvöldu verkefni sem fól í sér skipulega útfærslu á tilteknu umbótaverkefni sem tengdist námsmati.

Markmiðið var að prófa áhugaverða aðferð eða skipulag með markvissum hætti í því skyni að hægt væri að draga af því einhvern lærdóm. Gögnum um verkefnið var haldið til haga og mat lagt á starfið. Í lokin var skilað stuttri skýrslu, bæði skriflega og munnlega á uppskeruhátíð vorið 2013. Í þessu verkefni var stefnt að því að læra hvert af öðru.

***Veggur á kennarastofunni***
*Teymin hengdu upp verkefni sem þau unnu að á kennarastofunni, ásamt stuttri lýsingu svo fleiri gætu notfært sér og fengið hugmyndir.*

## 1. bekkur

**Heiti verkefnisins:** Námsmat í smiðjum

**Þátttakendur**: 1.bekkur

**Skilgreining / afmörkun:** Sjálfsmat nemenda á eigin frammistöðu í list- og verkgreinasmiðjum.

**Meginmarkmið (og tengsl við markmið þróunarverkefnisins):** Nemendur öðlist færni í að meta eigin frammistöðu út frá áhuga, vinnusemi, vandvirkni og samvinnu. Kennarar meta einnig frammistöðu nemenda og skrá í heftið (sjá hér á eftir).

**Útfærsla:** Hver og einn nemandi fær sitt eigið hefti og hver opna tilheyrir einni smiðju. Framan á heftinu er nafn og mynd af nemandanum og á fyrstu síðunni eiga nemendur að teikna sjálfsmynd. Á hverri opnu meta nemendur frammistöðu sína og skrá einnig hvað þeir lærðu og hvað þeim fannst skemmtilegast í hverri smiðju. Námsmatsheftið var unnið í lok hverrar smiðju.

**Mat:** Að mati kennara gekk þetta verkefni mjög vel og vakti eftirtekt. Nemendur voru fljótir að læra inn á þessa vinnu og flestum líkaði vel við að gera upp frammistöðu sína við smiðjulok. Við viljum halda þessari vinnu áfram og hugsanlega væri hægt að nýta þetta verkefni í öllum árgöngum á yngsta stigi.

**Fylgiskjal 1**

# Námsmat í smiðjum

1. bekkur

Nafn:_____

Bekkur:_____

Hvað lærðir þú í þessari smiðju og hvað varstu að gera?

Það sem mér fannst skemmtilegast að gera í þessari smiðju:

**Kennaramat:**

| | | ☹ | 😐 | ☺ |
|---|---|---|---|---|
| Nemandi | Sýnir viðfangsefni áhuga. | | | |
| | Sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum. | | | |
| | Heldur sig að verki. | | | |
| | Gengur vel að vinna með öðrum. | | | |

Athugasemdir:

Kennari:_____ Dags._____

# Sjálfsmat

**Hópur:**_____ **Smiðja:**_____

Veldu eitt atriði í hverri röð sem passar við þig.
Gerðu ***hring*** með blýanti utan um það.

**Merktu við þessa fjóra þætti sem leggja mat á:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Áhuga** | Mér fannst ekki gaman. | Mér fannst stundum gaman. | Mér fannst alltaf gaman. |
| **Vinnusemi** | Ég vann lítið í þessari smiðju. | Ég var ekki nógu dugleg/ur að vinna í þessari smiðju. | Ég vann vel í þessari smiðju. |
| **Vandvirkni** | Ég vandaði mig frekar lítið/aldrei. | Ég gleymdi stundum að vanda mig. | Ég reyndi alltaf að gera eins vel og ég gat. |
| **Samvinnu** | Mér gekk ekki vel að vinna með öðrum. | Mér gekk oft/stundum vel að vinna með öðrum | Mér gekk alltaf vel að vinna með öðrum. |

**Krossaðu við það sem þú telur að eigi við frammistöðu þína:**

| Rauður | Gulur | Grænn |
|---|---|---|
| Ég þarf að bæta mig. | Ég veit að ég get gert betur. | Ég gerði eins vel og ég gat. |

**Undirskrift nemanda:**_____

Þessi bók er námsmatsbók nemenda í smiðjum. Nemendur og kennarar skrá í bókina í lok hverrar lotu. Um er að ræða sjálfsmat nemenda, umsögn nemenda um lotuna og umsögn kennara um frammistöðu þeirra.

Nemendur leggja mat á eigin frammistöðu. Þeir meta fjóra þætti, sem eru:

- áhugi
- vinnusemi
- vandvirkni
- samvinna

Umsögn þeirra byggir á hvað þeir lærðu, gerðu, hvernig þeim leið og gekk að sinna viðfangsefni hverrar lotu.

Með námsmatsbók þessari geta nemendur, kennarar og foreldrar skoðað viðhorf til námsins og hvað hefur verið gert í hverri smiðju. Bókin er í geymslu kennara fram að vori en þá fá nemendur bókina formlega afhenda. Nemendur og foreldrar geta þó fengið að skoða bókina reglulega yfir skólaárið.

Nemendur meta frammistöðu sína með táknum/orðum sem merkja:

- Rauður - ég gerði ekki mitt besta
- Gulur – ég get gert betur
- Grænn – ég hef lagt mig fram

Megintilgangur námsmatsbókarinnar er að nemendur skrái hvað þeir hafa verið að læra/gera jafnframt að þeir læri að leggja mat á eigin vinnu og taki þannig ábyrgð á eigin námi.

## 2. bekkur

**Heiti verkefnisins**: Mitt mat!

**Þátttakendur**: 2.bekkur

**Skilgreining / afmörkun:** Sjálfsmat nemenda á eigin frammistöðu í verkefnavinnu í kennslustundum, í heimakrók og í lestrarstund.

**Meginmarkmið (og tengsl við markmið þróunarverkefnisins):** Að nemendur nái færni í að meta eigin frammistöðu og taki meiri ábyrgð á eigin námi.

**Útfærsla:** Útbúin verður sjálfsmatsbók í stærðinni A5 þar sem nemendur fá að meta sig sjálfir. Nemendur skoða og meta hvernig þeim gengur í kennslustundum, í heimakrók og í lestrarstund.

**Mat:** Það gekk vel að leggja matið fyrir nemendur og flestum fannst það áhugavert. Þegar farið var af stað með verkefnið var áætlað að nemendur myndu meta sjálfa sig í kennslustundum út frá því hvernig þeim gekk að gefa vinnufrið, einnig í heimakrók og lestrarstund í byrjun dags. Matslistinn, þar sem nemendur mátu hvernig þeim gekk í kennslustund, var lagður fyrir 5 sinnum, aðrir matslistar voru ekki lagðir fyrir vegna tímaskorts.

## 3. bekkur

**Heiti verkefnisins**: Matsbókin mín.

**Þátttakendur**: 3. bekkur

**Skilgreining / afmörkun:** sjálfsmat og kennaramat í lestri og skrift.

**Meginmarkmið (og tengsl við markmið þróunarverkefnisins):** Að nemendur séu meðvitaðir um eigið nám og námsframvindu í skrift og lestri.

**Útfærsla:** Nemendur fengu námsmatsbók með sér heim þar sem þeir áttu að fylla út mat á eigin skrift og lestri með aðstoð foreldris. Í kjölfarið fyllti kennarinn út sitt mat á sömu viðfangsefnum. Skilaboðin voru þessi: Þetta er matsbókin þín. Markmiðið með henni er að draga fram og upplýsa heimilin um hvernig þér gengur að lesa og skrifa. Þú ferð með matsbókina heim einu sinni í mánuði í vetur. Þá þarftu að fá aðstoð forráðamanns þíns við að fylla út nemendahluta matsins og að setja þér markmið fyrir næsta tímabil. Síðan skilar þú bókinni aftur í skólann.

Upphaflega var fyrirhugað að nemendur fengju bókina með sér heim einu sinni í mánuði. En fljótlega kom í ljós að það var of mikið. Niðurstaðan varð að bókin færi heim í þrjú skipti yfir veturinn. Þegar nemendur skiluðu bókinni í fyrsta skiptið kom í ljós að flestir höfðu aðeins fyllt út fyrir lesturinn en ekki skriftina. Var þá sendur póstur á foreldra og þeir beðnir um að fylla út restina. Illa gekk að innheimta bækurnar eftir það, en tókst það þó að lokum. Í annað sinn var markmiðum bætt við og foreldrar beðnir að hjálpa nemendum að setja sér markmið. Bækurnar skiluðu sér vel í þetta skiptið en markmiðunum var sleppt hjá flestöllum nemendum. Ákveðið var að senda ekki bókina heim í þriðja sinn.

**Mat:**
Okkar niðurstaða er sú að sjálfsmat nemenda er nauðsynlegt til að þeir beri meiri ábyrgð á eigin námi. Að þeir læri að meta eigin vinnu og sjái sjálfir í hverju þeir þurfa að bæta sig. Við erum mjög sáttar við matsbókina, en myndum vilja einfalda hana lítilsháttar til að gera hana aðgengilegri fyrir foreldra og nemendur. Einnig myndum við láta bókina fara heim aðeins tvisvar yfir veturinn, í lok hverrar annar.

Aðabjörg, Guðríður, Líney og Þórdís

**Fylgiskjal 3.bekkur**

Hraunvallaskóli
VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

# Matsbókin mín

Sjálfsmat - skólamat

2012 - 2013

Nafn: _____

Bekkur: _____

**Kæri nemandi**

Þetta er matsbókin þín. Markmiðið með henni er að draga fram og upplýsa heimilin um hvernig þér gengur að lesa og skrifa.

Þú ferð með matsbókina heim einu sinni í mánuði í vetur. Þá þarftu að fá aðstoð forráðamanns þíns við að fylla út nemendahluta matsins og að setja þér markmið fyrir næsta tímabil. Síðan skilar þú bókinni aftur í skólann.

Framan á bókinni er reitur þar sem nemendur eiga að setja ljósmynd af sér ☺

Með von um góða samvinnu,

Kennarar í 3. bekk Hraunvallaskóla.

**Lestarfærni:** Lestu þessa blaðsíðu vel yfir með forráðamanni þínum. Hvernig hefur þú staðið þig að lesa undanfarnar vikur? Leggðu mat á það með aðstoð forráðamanns þíns.

| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
|---|---|---|---|---|---|
| Hvernig lesari er ég? | Kennari/ foreldri les fyrir mig | Kennari / foreldri les með mér | Ég les sjálf/ur en fæ smá aðstoð | Ég les sjálf/ur . Hika en klára lesturinn | Ég les textann sjálf/ur mjög vel og hnökralaust |
| Hvað get ég lesið? | Skoða /les bækur með myndum | Les stök orð sem eiga við myndir | Les texta sem fylgir myndum | Les bækur án mynda | Les sjónvarpstexta |
| Lestraráhugi | Sýnir lestri lítinn/engan áhuga | Sýnir stöfum og hljóðum áhuga | Sýnir lestri áhuga, vill lesa | Iðkar lestur af áhuga | Iðkar yndislestur |

Mánuður: _____

Undirskrift nemanda: _____

Undirskrift forráðamanns: _____

**Kennaramat**

| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. |
|---|---|---|---|---|---|
| Hvernig lesari ert þú? | Kennari/ foreldri les fyrir þig | Kennari / foreldri les með þér | Þú lest sjálf/ur en færð smá aðstoð | Þú lest sjálf/ur . Hikar en klárar lesturinn | Þú lest textann sjálf/ur mjög vel og hnökralaust |
| Hvað getur þú lesið? | Skoða /les bækur með myndum | Lest stök orð sem eiga við myndir | Lest texta sem fylgir myndum | Lest bækur án mynda | Lest sjónvarpstexta |
| Lestraráhugi | Sýnir lestri lítinn/engan áhuga | Sýnir stöfum og hljóðum áhuga | Sýnir lestri áhuga, vill lesa | Iðkar lestur af áhuga | Iðkar yndislestur |

Skilaboð kennara:

_____

_____

_____

_____

Undirskrift kennara: _____

Undirskrift nemanda: _____

Undirskrift forráðamanns: _____

**Skrift og stafagerð:** Lestu þessa blaðsíðu vel yfir með forráðamanni þínum. Hvernig hefur þú staðið þig að skrifa undanfarnar vikur? Leggðu mat á það með aðstoð forráðamanns þíns.

| | 0 | 1 | 2 | 3 |
|---|---|---|---|---|
| Dregur rétt til stafs | | | | |
| Jöfn hæð stafa | | | | |
| Bil á milli stafa og orða | | | | |
| Lág- og hástafir rétt staðsettir | | | | |

Mánuður: _____

Undirskrift nemanda: _____

Undirskrift forráðamanns: _____

**Kennaramat:**

| | 0 | 1 | 2 | 3 |
|---|---|---|---|---|
| Dregur rétt til stafs | | | | |
| Jöfn hæð stafa | | | | |
| Bil á milli stafa og orða | | | | |
| Lág- og hástafir rétt staðsettir | | | | |

Skilaboð kennara:

_____

_____

_____

_____

Undirskrift kennara: _____

Undirskrift nemanda: _____

Undirskrift forráðamanns: _____

## 4. bekkur

**Heiti verkefnis:** Einstaklingsmiðun – skráningar

**Þátttakendur:** Umsjónar- og sérkennari í 4. bekk

**Skilgreining / afmörkun:**
Skráning á námsstöðu, markmiðum, vinnu og námsframvindu nemenda sem eru skráðir í sérkennslu.

**Meginmarkmið (og tengsl við markmið þróunarverkefnisins):**
Þróa aðferð til að halda utan um nemendur í sérkennslu, þannig að auðvelt verði að fylgjast með námsframvindu nemenda sem eru skráðir í sérkennslu.

**Útfærsla:**
Í 4. bekk eru þrír bekkir með 27–28 nemendum í hverjum bekk. Sótt var um sérkennslu fyrir marga nemendur og það var ljóst að ekki væri hægt að sinna þeim sem skyldi með því að taka þá út úr bekk. Einnig er í stefnu skólans að sérkennsla sé inn á svæðinu og nemendur sem allra minnst teknir út. Með því ákváðum við, kennarar, að í rauninni væri enginn „sérkennslunemandi“ heldur munu umsjónarkennarar og sérkennarar bera sameiginlega ábyrgð á námi allra. Til að komast á móts við alla var hringekjuaðferðin/stöðvavinnan notuð mikið til. Þegar búið var að ákveða hvernig kennslu yrði háttað komu upp spurningar/vandi sem tengdust kennslu þeirra barna sem eru skráðir í sérkennslu:

- Hvernig getum við haft yfirlit með að allir nemendur fái kennslu og námsefni við sitt hæfi?
- Hvernig getum við fylgst með árangri/framförum nemendanna?
- Hvernig ætti að útfæra einstaklingsnámsskrár og vorskýrslu þeirra nemenda sem eru skráðir formlega í sérkennslu?

Því var ákveðið að útbúa, þróa og prófa skráningarkerfi og það er þróunarverkefnið umsjónarkennara og sérkennara í 4. bekk Hraunvallaskóla.

Fylgiskjöl:

Eyðublað 1 – kennsluáætlun:

Fyrir eina hringekjuna ákváðum við að setjast niður og fara yfir markmið og annmarka hvers nemenda. Með því var hægt að koma á móts við hvern nemanda enn meira. Sjá sýnishorn á eyðublaði 2

Eyðublað 3 – Skráningar

Skráningareyðublað með helstu upplýsingum var útbúið og með sömu grunnupplýsingum og ættu að vera inn á einstaklingsnámsskrá. Síðan var skráð inn markmið fyrir hverja hringekju/stöðvarvinnu fyrir hvern nemenda EF nemandinn þurfti frávik frá bekkjarnámsskrá. Einnig var annað skráð sem nemandinn gerði sem var frávik frá bekkjarnámsskrá.

Með þessu er einstaklingsnámsskráin gerð jafnóðum yfir veturinn og mat á vinnu einnig gert jafn og þétt yfir veturinn. Með því er einstaklingsnámsskráin og vorskýrslan gert sem eitt vinnuplagg sem er notast við allan veturinn og hægt að grípa til þegar óskað er eftir upplýsingum um stöðu nemenda hverju sinni.
Sjá sýnishorn á eyðublaði 4

Mat /niðurstöður:

Undirbúningur:

Kennarar skiptu með sér verkum fyrir hverja hringekju, hver kennari undirbjó námsefni út frá markmiðum og með nemendahópinn í huga.

Kennslan:
Hringekjuhópunum var skipt upp á misjafnan hátt, eftir getu, kyni, vináttu. Þessum hópum var svo skipt upp í smærri hópa í vinnu.

Skráningar:
Hver kennari skráði niður verkefni, markmið, námsaðferð, gögn og námsmat á þar til gerð eyðublöð.

Kostir:
Þegar lið er yfir veturinn þá vorum við ánægðar með hvernig skráningin auðveldaði okkur að halda utanum hvert barn, skráningarnar hjálpa til við að fylgjast með hvar hvert barn er statt, gott að nota í samskiptum við foreldra.

Í fyrstu óttuðumst við að skráningarnar væru tímafrekar, en það reyndist ekki og það var ákveðin hagræðing í að undirbúa hringekju því hún var endurtekin nokkrum sinnum.

Þessar skráningar hjálpuðu okkur að greina þarfir barnanna eftir námsmat í janúar, og vinna með hópana útfrá því.

Með þessu kerfi þegar skráningin er gerð jafnóðum í stað einstaklingsnámskrár þá er umsjónarkennarinn meðvitaður um allt ferlið og nær að fylgjast betur með hvar nemandinn er staddur.

Gallar:
Það sem virkaði ekki sem skildi var að þegar ekki var fullmannað á kennslusvæðinu þá var erfitt að halda hringekjum gangandi. Fjöldi nemenda á kennara er allt of mikill og því mátti ekkert útaf bregða til þess að hringekjurnar virkuðu ekki.

Það sem vantaði var að hver kennari hefði útbúið kennsluáætlun fyrir þá vinnu sem hann hafði skipulagt, það hefði auðveldað öðru starfsfólki að koma inní. Það tengist frekar útfærslu á hringekjunum heldur en skráningakerfinu sjálfu.

Lokarorð:

Okkar niðurstaða er að með þessum skráningum erum við allir kennararnir meðvitaðari um námsmarkmið og námslega stöðu allra barnanna í árgangnum. Þetta auðveldar og eykur samvinnu milli kennara og sérkennara.

Þetta hjálpar einnig til í vinnustundum þegar sérkennari er ekki á svæðinu, því umsjónarkennarar eru meðvitaðri um námsmarkmið allra nemenda og geta betur bætt nemendum þar sem þeir eru staddir. Það er skoðun sérkennara að skráningakerfið komi í stað fyrir hefðbundna einstaklingsnámskrá, en verði frekar vinnuplagg yfir veturinn og endi sem lokaskýrsla.

Við teljum að skráningakerfið henti vel á yngsta og miðstigi.

# Fylgiskjal 1 - Kennsluáætlun 4. bekkur 2012-2013

| Nafn kennara: | | Tímabil: | |
|---|---|---|---|
| Frávik: | Markmið/kennslutímar: | Gögn: | ATH: |
| Nöfn nemenda: | | | |
| a | | | |
| b | | | |
| c | | | |
| d | | | |
| e | | | |
| f | | | |
| g | | | |
| h | | | |
| i | | | |
| j | | | |
| k | | | |
| l | | | |
| m | | | |
| n | | | |
| o | | | |
| r | | | |
| s | | | |
| t | | | |
| u | | | |
| v | | | |

# Fylgiskjal 2 - Kennsluáætlun 4. bekkur 2012-2013

| Nafn kennara: | | **Tímabil:** janúar og febrúar 2013 | |
|---|---|---|---|
| Frávik: | Markmið/kennslutímar: | Gögn: | ATH: |
| Nöfn nemenda: | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | |
| | Keilir | | |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | |
| | Hann er sterkur í stærðfræði | | |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | Lítið úthald<br>Slakur í lestri |
| | Hann er sterkur í stærðfræði | | |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | Lítið úthald er mjög mikið á ferðinni. |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | Á erfitt með skap og vill ekki vinna verkefni ef hún finnur fyrir vanmætti |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | Fylgjast með skilningi |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | Fylgjast með skilningi, lítið úthald |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | |
| | Hann er í öðrum hóp í stærðfræði | | |
| | Hann er í öðrum hóp í stærðfræði | | |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | Lítið úthald, finns oft erfitt að koma sér að verki. Þráhyggja. |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | Lítið úthald og lítill skilningur. |
| | Keilir | | |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | Fylgjast með lestri |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | Lítið úthald<br>Slakur í lestri |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | Hegðun |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | Hegðun |
| | Talnaskilningur 1 til 1000. Stærðfræði í daglegu lífi. Peningar og notkun þeirra. Þjálfa grunnatriði í stærðfræði: samlagning, frádráttur. | Talnarúlla, leikir, kennslupeningar | |

# Fylgiskjal 3 - Skráningar 4. bekkur 2012-2013

Nemandi:

| | |
|---|---|
| Nemandi: | Bekkur: |
| Heimilisfang: | Kennitala: |
| Bakgrunnur: | Styrkleiki/áhugamál: |
| Foreldrar/forráðamenn: | Netfang/sími: |
| Umsjónarkennari: | Sérkennari: |
| Þroskaþjálfari: | Stuðningsfulltrúi: |
| Aðrir kennarar: | Annað: |

| |
|---|
| Fundir/símtöl: |

Íslenska:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Staða nemandans: | | | | | |
| Þrepamarkmið: | | | | | |
| Tímabil: | Markmið: | Leiðir og gögn: | Námsmat: | Útkoma – athugasemdir: | Ábyrgð: |
| | | | | | |
| | | | | | |
| Staða nemandans: | | | | | |
| Þrepamarkmið: | | | | | |
| Tímabil: | Markmið: | Leiðir og gögn: | Námsmat: | Útkoma – athugasemdir: | Ábyrgð: |
| | | | | | |
| | | | | | |

Stærðfræði:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Staða nemandans: | | | | | |
| Þrepamarkmið: | | | | | |
| Tímabil: | Markmið: | Leiðir og gögn: | Námsmat | Útkoma – athugasemdir: | Ábyrgð: |
| | | | | | |
| | | | | | |
| Staða nemandans: | | | | | |
| Þrepamarkmið: | | | | | |
| Tímabil: | Markmið: | Leiðir og gögn: | Námsmat | Útkoma – athugasemdir: | Ábyrgð: |
| | | | | | |
| | | | | | |

Vor 2013:

# Fylgiskjal 4 - Skráningar í sérkennslu 2012-2013

Nemandi:

| | |
|---|---|
| Nemandi: xxxx | **Bekkur:** xxxxx |
| Heimilisfang: xxxx | Kennitala: xxxxx |
| **Bakgrunnur**: greiningarferli í gangi 25. sept | Styrkleiki/áhugamál: |
| Foreldrar/forráðamenn: xxxx | Netfang/sími: xxxxx |
| Umsjónarkennari: Harpa | Sérkennari: |
| Þroskaþjálfari: | Stuðningsfulltrúi: Guðbjörg |
| Aðrir kennarar: Anna og Dagný | **Annað:** kom í vor frá Danmörku |

Fundir/símtöl:
28. 9 ´12Hringdi í xxx móður xxxx og við ætlum að funda í vikunni 8. – 12. október en þá verður faðir hans á landinu. Hún mun hafa samband um fundartíma. GIG
11. 10 ´12 Funduðum með foreldrum xxxx. Fórum yfir niðurstöður Gerd Strand sem gefa vísbendingar um athyglisbrest. Ákveðið á fundinum að vísa honum til frekari athuganar til Eiríks skólasálfræðings.
Apríl 2013. Fundur með foreldrum, umsjónarkennar og deildarstjóra sérkennslu. Farið yfir niðurstöður, sjá frekar í gögnum.

Íslenska:

**Staða nemandans:** Les 37 atkv/mín. Er mjög hæglæs og og á erfitt með að halda einbeitingu. Hefur einnig lítið úthald og stutt í tárin.

**Þrepamarkmið:** að öðlast meiri færni og öryggi í lestri. Þekki þau málfræðiatriði sem bekkurinn er að vinna í og öðlist meira öryggi og sjálfstæði í vinnubrögðum.

| Tímabil: | Markmið: | Leiðir og gögn: | Námsmat: | Útkoma – athugasemdir: | Ábyrgð: |
|---|---|---|---|---|---|
| Sept-okt | Læri Gagnvirkan lestur Þjálfist í að taka lesskilningshlutann í samræmdu prófi. Þjálfist í hlustun og geti greint upphaf, miðju og endi í sögunni. | Aðferð til að læra Gagnvirkan lestur samkvæmt Byrjendalæsi. Textar þar sem þarf að svara lesskilningsspurningum með krossum. Hlustunarverkefni úr samræmdum prófum. A5 blað með þremur hóflum til að teikna upphaf, miðju og endi. | Vinnubrögð og virkni | Er kominn með bókamerki með leiðbeiningum GL. Xxxx finnst erfitt að fara eftir leiðbeiningunum og mikilvægt að hafa mjög léttan texta. | GIG |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sept. | Islenskua upprifjun, nafnorð, sagnorð, lýsingarorð. | Vinna veggspjald sem hengt verður uppá svæði. | Samvinna, vinnubrögð | Vinnubrögð góð, áhugasamur | HS |
| 3. – 10. okt | Stafsetning stór og lítill stafur | verkefnablað | | | |
| Okt-nóv | Þjálfist frekar í að tengja hljóð við stafi. Þjálfa nefnuhraða til að ná upp leshraða. Einnig að vinna að jákvæðu viðhorfi gagnvart lestri. | Spil sem tengjast leshraða s.s. kleppari, Alians, Hæ gosi. Lesi 100 algengustu orðin, víxllestur, lestur á tíma, gagnvirkt efni, vinnubækur og fl. | Hraðapróf, vinnubrögð og virkni. | Átti oft erfitt að gera verkefni sem honum fannst ekki þeim mun skemmtilegri. Fékk Andra stuðningsfulltrúa að halda honum við efnið. | GIG |
| **Staða nemandans:** Les 60 atkv/mín. Er mjög hæglæs og og á erfitt með að halda einbeitingu. Hefur einnig lítið úthald og stutt í tárin. | | | | | |
| **Þrepamarkmið:** að öðlast meiri færni og öryggi í lestri. Þekki þau málfræðiatriði sem bekkurinn er að vinna í og öðlist meira öryggi og sjálfstæði í vinnubrögðum. | | | | | |
| Tímabil: | Markmið: | Leiðir og gögn: | Námsmat: | Útkoma – athugasemdir: | Ábyrgð: |
| Mars-maí | Leshraðaþjálfun. Auka leshraða. | Fór heim með bók ásamt eyðublaði um skráningar á hraða og villum á orðum. Orðaskrift. | Útfylling á eyðublaði. | | GIG |
| Ap-mai | Þjálfa lesskilning, nota GL, þjálfist í að finna no, so og lo úr texta. Kynnast þjóðsögum. | Lesa þjóðsögur samkvæmt GL leiðinni (eru með bókamerki með leiðbeiningum). Finna no, so, lo úr texta, skrifa á blað, klippa og líma á ákveðnum stöðum. | Virkni í tíma | Var virkur og fannst gott að vinna verkefni þar sem hann þurfti að hreyfa sig. | GIG |

Stærðfræði:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Staða nemandans:** Talnaskilningur er slakur miða við jafnaldra. Kann að +/ - eins og tveggja stafa talna, ekki að lána eða geyma. | | | | | |
| **Þrepamarkmið:** Auka talnaskilning og auka sjálfstraust/einbeitingu við að vinna verkefni. | | | | | |
| Tímabil: | Markmið: | Leiðir og gögn: | Námsmat | Útkoma – athugasemdir: | Ábyrgð: |
| Sept-des | Vinna sem mest að bekkjarmarkmiðum en vinna að talnaskilningi þegar hann ræður ekki við bekkjarmarkmið. | Sama og bekkur nema fær einnig námssefni úr 3. bekk sem hann hefur ekki unnið þegar hann hefur ekki úthald fyrir bekkjarefnið.. Vinnur ekki alltaf öll atriðin, fer eftir úthaldi. | Sama og bekkurinn nema að undanskildu því sem hann vinnur ekki í s.s. flókin klukkudæmi. | Vann | GIG og GHS |
| Jan.- mars | Vinna með talnaskilning. | Talnaruna – upp og niður, hlutbundinn vinna. | Virkni og hegðun | Gekk mjög vel. | DH |
| Jan – mars | Auka færni við leggja saman, draga frá, geyma, draga til láns. | - talnaspil (peningaspil)<br>- hefti með dæmum úr daglegu lífi (vinna með peninga)<br>- hefðbundið hefti með samlagningu og frádrætti<br>- olsen olsen upp og niður, kleppari | Virkni og hegðun | Gekk mjög vel en talsverður dagamunur á úthaldi. | GIG |

Vor 2013:

**Íslenska**: Fór úr 37 atkv/mín og í 75 atkv/mín. Skrifar mjög fallega stafi og stafsetning góð miða við lestragetu. Hefur farið mikið fram í málfræði.

**Stærðfræði:** Aukinn talnaskilningur, kann að leggja saman, draga frá, geyma og lána. Kann marga þætti úr bekkjarnámsskrá s.s. margfalda en hefur lítið úthald.

Xxxx hefur lítið úthald fyrir verkefni og próf. Það þarf að sitja yfir honum og stundum skrifa líka. Þarf mikinn stuðning og eftirfylgni því hann situr sjaldan í sætinu sínu lengur en 10 mínútur í senn. Búið að reyna ýmis kerfi s.s. skólakort, bakkavinnu, ver á sér borði, vinna inn í herbergi, einbeitingarklukku. Oftast gengur allt vel í byrjun en svo „nennir“ hann þessu ekki lengur. Er mjög ljúfur og góður og hann hefur þroskast mikið t.d. er hætt að sjá í tárin eins oft að vori og hvernig það var í haust.

## 5. bekkur

Heiti verkefnisins: Mál er máttur

**Þátttakendur:** Jóna Karólína Karlsdóttir, Þórunn Jónsdóttir og Æsa Skeggjadóttir.

Skilgreining / afmörkun: Munnlegt námsmat.

**Meginmarkmið (og tengsl við markmið þróunarverkefnisins):** Lögð verður áhersla á munnlegt mat bæði einstaklingslega sem og í hópum.

**Útfærsla:** Verðum markvisst með munnlegt mat í gegnum umræður, kannanir og leiki.

Kennarar eru með nafnalista og nota tækifærið og merkja hjá sér þegar þeim finnst þeir þurfa t.d. að meta skilning nemenda á viðfangsefni og þá á mismunandi stigum skilnings.

t.d. ***á auðvelt*** með að tileinka sér og skilja, þarf ***dálitla*** aðstoð í upphafi, þarf ***góða*** aðstoð og ***á erfitt*** með að skilja.

**Mat:** Ákveðinn þáttur er tekinn fyrir hverju sinni og metinn. Niðurstöður matsins verða notaðar við skipulag áframhaldandi kennslu sem og til námsmats. Niðurstöður skráðar á matslista sem ýmist eru notaðar sem leiðsagnarmat fyrir nemendur eða kennara.

**Það sem gengur vel**: Munnlegt mat á virkni og hegðun nemenda í kennslustundum. Matið fer fram í samræðum á milli nemenda og kennara bæði í hópi og einstaklingslega.

**Það sem fór miður og þær breytingar sem hafa orðið á verkefninu**: Tákn/ merkingar fyrir listana sem ætlaðir voru til mats. Munnleg próf tókust ekki og var þeim breytt í prófahefti þar sem prófað er í eina lotu á dag í heila viku. Í þessum heftum eru öll þau próf sem nemandinn tekur og fær hann að nota „ Svindl miða“ sér til aðstoðar.

Munnlegu prófin tókust ekki nógu vel þar sem þau krefjast mikils tíma hjá kennara og erfitt að komast yfir allan nemendafjöldann. Í stað þeirra prófa ætlum við að nota munnleg próf fyrir þá sem fá undir 5 í einkunn í prófaheftinu.

**Fylgiskjal**: Nafnalisti hópsins þar sem merkt er inná virkni, hegðun og annað sem verið er að kanna, t.d. skilningur nemanda á viðfangsefni.

## Fylgiskjal 5. bekkur

Hringekja

| Nafn | | | | | | | | Athugasemd |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| XXX | | | | | | | | |
| XXX | | | | | | | | |
| XXX | | | | | | | | |
| XXX | | | | | | | | |
| XXX | | | | | | | | |
| XXX | | | | | | | | |
| XXX | | | | | | | | |
| XXX | | | | | | | | |
| XXX | | | | | | | | |
| XXX | | | | | | | | |
| XXX | | | | | | | | |
| XXX | | | | | | | | |
| XXX | | | | | | | | |
| XXX | | | | | | | | |
| XXX | | | | | | | | |
| XXX | | | | | | | | |

Merkingar:

? = Athuga betur

e = Sýnir einhvern skilning á viðfangsefni

s = Hefur góðan skilninga á viðfangsefni

á = Áhugasamur/söm

v = vinnusamur/söm

## 6. bekkur

**Heiti verkefnisins**: Námsmatsmappa

**Þátttakendur:** Aníta Ómarsdóttir, Jóhanna Jónasdóttir, Sigrún Hafsteinsdóttir.

**Skilgreining / afmörkun:**
Námsmatsmappa er send heim með nemendum reglulega yfir veturinn. Í henni eru kannanir og verkefni sem hafa verið unnin.

**Meginmarkmið (og tengsl við markmið þróunarverkefnisins):**
Að foreldrar geti fylgst með og skoðað námsmat barna sinna og verið meðvitaðir um námslega stöðu þeirra .

Að nemendur geti skoðað námsmat sitt og metið sjálfan sig í skólastarfinu með aðstoð foreldra.

Útfærsla:

Nemendur fara heim með námsmatsmöppuna sína einu sinni í mánuði. Í henni eru kannanir, próf, matsblöð fyrir hópavinnu, sjálfsmat og sýnishorn af ýmsum verkefnum. Foreldrar og nemendur skoða og ræða sameiginlega.

Nemendur eiga með aðstoð foreldra sinna að leggja mat á frammistöðu sína í skólanum á þar til gert eyðublað fremst í möppunni. Kennari metur sömu þætti hjá nemendum.

Okkar mat:

- Námsmatsmappan var send heim í nóvember, janúar, febrúar, apríl og maí. Við höfðum hugsað okkar að senda hana mánaðarlega en þótti það of ört. Væri gott að senda möppuna heim 4x yfir veturinn.

- Í janúar útbjuggum við matsblað þar sem nemendur og kennarar lögðu mat á frammistöðu nemandans í skólanum ( sjá fylgiskjal). Okkur fannst mega fækka atriðunum á listanum þannig að kennari hafi betri yfirsýn yfir atriðin.

- Þurfum að útbúa gott vinnuskema fyrir okkur til þess að skrá niður og auka eftirfylgni með atriðum varðandi matsblaðið.
- 
- Einhverjir nemendur fengu ekki aðstoð foreldra við að útfylla matið og varð það því ekki nægilega marktækt Þarf að legga betur inn að hausti og kynna betur fyrir foreldrum.

- Hugmyndin var að hafa nemendaviðtal út frá matinu en náðum því bara einu sinni. Gott væri að geta haft samtöl eftir hvert sinn sem mappan fer heim.

- Við stefnum á að setja fjölbreyttari verkefni í möppuna að ári liðnu þó þau séu ekki beint til mats.

- Foreldrar voru almennt ánægðir með möppuna og skil á möppunni voru góð.

## 7. bekkur

**Heiti verkefnisins:** Gulur – rauður – grænn - blár

